

## Jóladagskrá menningarstofnana 2022

### Aðventugarður og aðventusvell

Aðventugarðurinn okkar fallegi verður opinn allar helgar í desember og á Þorláksmessu. Þar getum við átt saman skemmtilegar stundir og gert góð kaup í jólakofum. Skemmtilegar upptökur verða í garðinum og verður dagskráin birt á [visitreykjanesbaer.is](http://visitreykjanesbaer.is) og á samfélagsmiðlum. Aðventusvellið verður alltaf opið á opnunartíma Aðventugarðsins og oftár. Upplýsingar um svellið er að finna á [adventusvellid.is](http://adventusvellid.is)

### Best skreyttu húsin

Á aðventunni geta bæjarbúar tekið þátt í skemmtilegum leik og tilnefnt þau hús sem þeim þykja skemmtilega skreytt. Fylgist með á [visitreykjanesbaer.is](http://visitreykjanesbaer.is) og á öðrum miðlum Reykjanesbæjar.

### Jólasýning, „myndakassi“ og jólaföndur í Duus Safnahúsum á aðventunni

Á aðventunni verður jólalegt um að litast í Bíósal Duus Safnahúsa. Byggðasafnið sýnir margs konar jólatré úr safnkosti sínum sem skemmtilegt er að skoða. Einnig er hægt að taka af sér flottar myndir í anda ársins 1900. Þá er boðið upp á jólaföndur alla aðventuna og geta fjölskyldur komið og átt jólalega stund í notalegu umhverfi í Bíósal. Allir velkomnir.

### Laugardagur 26. nóvember kl. 13:00: Bókakonfekt barnanna í Bókasafni Reykjanesbæjar

Eva Rún Þorgeirsdóttir höfundur bókarinnar Stúfur fer í sumarfrí og Ari Yates höfundur bókarinnar Stúfur bjargaði jólnum lesa upp úr bókum sínum og segja frá teikningum og skrifum bókanna. Nemendur frá Tónlistarskóla Reykjanesbæjar flytja tvö lög. Viðburðurinn er styrktur af Uppbyggingarsjóði Suðurnesja.

### Laugardagur 26. nóvember kl. 14:00: Jólaföndur fyrir alla fjölskylduna í Bókasafni Reykjanesbæjar

Allri fjölskyldunni er boðið að taka þátt í jólaföndri laugardaginn 26. nóvember kl. 14.00 - 15.30. Aðgangur er ókeypis og allt efni á staðnum.

### Fimmtudagur 1. desember kl. 18.00: Christmas fun - Heimskonur / Women of the world á Bókasafni Reykjanesbæjar

Heimskonur hittast og halda sinn árlega jólahitting í Bókasafni Reykjanesbæjar. Boðið verður upp á vöflur og kakó.

### Fimmtudagurinn 1. desember kl. 20:00: Bókakonfekt Bókasafns Reykjanesbæjar

Á Bókakonfekt Bókasafnsins í ár koma rithöfundarnir Úlfar Þormóðsson, Sigríður Hagalín Björnsdóttir og Jóhann Helgason og lesa upp úr nýútkomnum bókum sínum. Einnig verður boðið upp á tónlistaratriði frá Tónlistarskóla Reykjanesbæjar. Viðburðurinn er styrktur af Uppbyggingarsjóði Suðurnesja.

### 1. – 31. desember. Jóna kósý í Áttagastofu Bókasafns Reykjanesbæjar

Þar má finna jólahús, jólatré og pakka og flottar skreytingar með amerísku ívafi. Sýningin er opin á opnunartíma safnsins. Sjón er sögu ríkari!

## **2. – 16. desember: Þitt nafn bjargar lífi | Aðgerðakort Amnesty International í Bókasafni Reykjanesbæjar**

Bréfamararöð gengur út á það að senda stjórnvöldum, sem brjóta mannréttindi, bréf og þrýsta um leið á umbætur. Einnig eru þolendum mannréttindabrota sendar stuðningskveðjur og þannig minnt á að þeim hefur ekki verið gleymt. Tilbúin bréf til stjórnvalda verða til staðar í Bókasafni Reykjanesbæjar. Bréfamararöð stendur til 16. desember og eru allir hvattir til að kíkja við og kynna sér málið.

## **2. – 23. Desember: Umhverfisvæn innpökkunarstöð í Bókasafni Reykjanesbæjar**

Öllum er velkomið að nýta innpökkunarstöðina til til að pakka inn gjöfum fyrir jólin. Við hvetjum ykkur til að huga að umhverfisvænum aðferðum við innpökkunina með því að endurnýta gömul dagblöð, fjölþóst og bækur sem gjafapappír. Allt efni á staðnum.

## **Föstudagur 9. desember kl.20:00: Þorláksmessutónleikar Bubba í Hljómahöll**

Þorláksmessutónleikaröð Bubba Morthens er ein allra langlífasta tónleikahefð í aðdraganda jóla og eru ófáir sem geta ekki hugsað sér aðventuna án þeirra. Tónleikarnir eru merkilegir fyrir þær sakir að þetta verður í 38. sinn sem Bubbi stendur fyrir Þorláksmessutónleikum. Nú í fyrsta sinn í Hljómahöll og má stóla á það að Bubbi mæti með gítarinn og perli sín þekktustu lög á kvöldsins festi og rýnir í samtímann af sinni einstöku snilld.

## **Sunnudagur 11. desember kl. 14:00: Vinnustofa krakkaklúbbs Listasafns Reykjanesbæjar**

Gunnhildur Þórðardóttir er fyrsti listamaðurinn til að halda vinnustofu krakkaklúbbsins, en í framhaldi mun safnið halda eina fasta vinnustofu alla mánuði til vors með nýjum safnakennara í hvert skipti.

## **Miðvikudagurinn 14. desember kl. 20:00: Jólatónleikar Vox Felix í Hljómahöll**

Það er komið að hinum árlegu jólatónleikum Vox Felix. Kórinn lofar stuði og stemningu og syngur gömul og góð jólalög í bland við ný, allt undir stjórn Rafns Hlíðkvists. Aðeins einir tónleikar.

## **Fimmtudagurinn 15. desember kl. 19:00: Ari Eldjárn – Áramótaskop í Hljómahöll**

Ari Eldjárn kveður árið 2022 með ógleymanlegri uppistandssýningu sinni Áramótaskop! Ari er einn allra vinsælasti uppistandari þjóðarinnar og hefur auk þess getið sér góðs orðs víða erlendis fyrir gamansýningar sínar. Þetta er í sjötta sinn sem þessi geysivinsæla sýning Ara er sett á svið en síðast seldust allar sýningar upp.

## **Föstudagur 30. desember kl. 20:00: Valdimar – Áramótatónleikar í Hljómahöll**

Loksins, loksins, loksins, loksins verða hinir margrómuðu Áramótatónleikar Valdimar aftur á dagskrá. Þessa tónleika þekkir Suðurnesjafólk vel og því óþarfi að fara út í smáatriði. Það eina sem þarf að hafa hugfast er að þetta verður ROSALEGT!

## **Þrettándaglegði föstudaginn 6. janúar: Hátíðarsvæði við Hafnargötu 12**

Þrumandi þrettándaglegði. Blysför frá Myllubakkaskóla, gengið að hátíðarsvæði við Hafnargötu í fylgd álfa og púka þar sem Grýla gamla tekur á móti gestum. Brenna og flugeldasýning og heitt kakó og piparkökur til að halda hita á mannskapnum.

